



HAFNARFJÖRÐUR

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 13. mars 2014
Málsnr.: 11021243


Vísað er til bréfs yðar, dags. 28. febrúar sl., þar sem því er hafnað að semja um sýningaráðstöðu Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói á grundvelli þeirra draga sem bæjarráð Hafnarfjarðar hefur lagt fram.

Hafnarfjarðarbær hefur þann metnað varðandi Bæjarbíó að það sé lifandi menningarhús sem jafnframt sé heimili Kvikmyndasafns Íslands þess vegna býður bærinn Kvikmyndasafninu Bæjarbíó til afnota safninu að kostnaðarlausu. Það eru því vonbrigði að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli sjá það sem helsta kost sinn að hætta sýningarhaldi Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói.

Hafnarfjarðarbær er með tilboði sínu um afnot Kvikmyndasafns Íslands af Bæjarbíói ekki að setja hömlur af nokkru tagi á starfsemi safnsins og vill veg þess sem mestan. Bærinn vill jafnframt að Bæjarbíó skipi þann sess sem því ber í menningarsögu landsins. Það liggur fyrir að Kvikmyndasafnið þarf einungis að tiltaka hvaða tíma það telur sig þurfa vegna sýningarhalds síns til þess að sá tími verði tekinn frá fyrir safnið því að kostnaðarlausu. Á þeim tímum sem teknir verða frá fyrir Kvikmyndasafnið verður Bæjarbíó safnbíó með sömu aðstöðu og aðbúnað eins og verið hefur undanfarin ár. Hafnarfjarðarbær getur hins vegar ekki sætt sig við að einungis sé starfsemi í húsinu tvisvar til þrisvar í viku og það standi nánast autt að öðru leiti. Það er erfitt að sjá hvernig það að nýta húsið á tímum sem engin starfsemi er þar af hálfu Kvikmyndasafnsins gerir það að verkum að bíóið geti ekki lengur verið safnbíó.

Það gefur auga leið að þegar fleiri en einn aðili eru með starfsemi í húsinu þarf samráðsvettvangur að vera til staðar. Hafnarfjarðarbær mun tryggja slíkt og hefur m.a. sett slíkt skilyrði inn í útboðsgögn sem þeir aðilar sem hug hafa á að koma að starfsemi hússins verða að uppfylla. Þetta er atriði sem ráuneytið og Hafnarfjarðarbær geta auðveldlega leyst og væri einfalt að setja inn í samning.

Orðalag í framlögðum samningsdrögum varðandi það að menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar skuli fá sýningaráætlun Kvikmyndasafns Íslands til umfjöllunnar hefði getað verið skýrara. Sá misskilningur sem þetta orðalag olli var þó leiðréttur strax þegar menningar- og ferðamálafulltrúi bæjarins ræddi símleiðis við Eirík Þorláksson hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Því vekur það furðu að það skuli vera tekið hér upp. Því er ítrekað að með þessu ákvæði er einungis ætlunin að nefndin fái upplýsingar um þann tíma sem Kvikmyndasafnið þarf fyrir sína starfsemi til þess að tryggja safninu þann tíma. Eins og þegar hefur komið fram í áður nefndu símtali er það fráleitt að bærinn hafi nokkurn



HAFNARFJÖRÐUR

hug á að hafa eitthvert vald yfir sýningaráætlun safnsins. Hafnarfjarðarbær myndi jafnframt fagna því ef Kvikmyndasafn Íslands myndi auka starfsemi sína m.a. með viðburðatengdum sýningum.

Ekki hafa orðið neinar umtalsverðar breytingar varðandi samningstíma og uppsagnarfresti frá fyrstu samngingsdrögum. Þetta eru hins vegar atriði sem Hafnarfjarðarbær er tilbúinn að ræða eins og annað í framlögðum samningsdrögum.

Hafnarfjarðarbær ítrekar boð sitt til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að Bæjarbíó verði áfram safnbíó Kvikmyndasafns Íslands. Það er mat bæjarins að ekkert af því sem tiltekið er í bréfi ráðuneytisins komi í veg fyrir að svo geti orðið ef frá er talið að Kvikmyndasafnið vilji hafa full umráð yfir bíóinu, alltaf, hvort sem safnið er að nota það eða ekki. Bærinn mun gera þær breytingar sem þarf til að efla og auka veg Bæjarbíós sem menningarhúss í miðbæ Hafnarfjarðar og telur að þær muni efla bæði húsið og starf Kvikmyndasafns Íslands.

Lagt er til að fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins hittist á fundi til að fara yfir stöðuna.

Virðingarfyllst,

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri